

**SAMÞYKT**

um

**breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík  
frá 5. janúar 1923.**

52

24 júní

Í stað „20. júlí“ í 2. gr. 4. lið samþykktarinnar komi: 1. júlí.

Samþykkt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júlí 1927 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júní 1927.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

---

*Páll Pálmason.*
**SAMÞYKT**

um

**lokun sölubúða í Siglufjarðarkaupstað.**

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfjelaga og heildsala skal lokað eftir því, er segir í 2., 3. og 4. gr.

Undanskildar eru þó sölubúðir, sem eingöngu versla með brauð, kökur og mjólk.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. október til 30. júní skulu sölubúðir vera lokaðar virka daga frá kl. 7 síðdegis til kl. 8 árdegis, frá 1. júlí til 30. september frá kl. 9 síðdegis til kl. 8 árdegis, nema á laugardögum til kl. 10 síðdegis.

53

12. júlí

**53** Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi  
12. júl síðar en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum búðum til miðnættis.

**3. gr.**

Sölubúðir skulu lokaðar almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 20. maí, 17. júní og 1. desember.

**4. gr.**

Á lokunartíma sölubúða samkvæmt framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi. Heimilt er þó að selja nauðsynjar til skipa eftir lokunartíma fyrir lokuðum dyrum.

**5. gr.**

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en í hálf tíma.

**6. gr.**

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt um lokun sölubúða í Siglufjarðarkaupstað frá 9. nóvember 1920 er feld úr gildi.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ág. 1918, til að öðlast gildi 1. ágúst 1927, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atrvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júlí 1927.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

*Páll Pálmason.*